



Aðgengis- og samráðsnefnd

***Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar -  
umsagnarbeiðni***

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 22. september var samþykkt að vísa tillögu fulltrúa Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar, til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 9 lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Óskað er eftir að umsögn aðgengis- og samráðsnefndar berist inna 21. dags.

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar



## TILLAGA

---

### ***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:***

Tillögur í tengslum við aðgengisstefnuna. Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 var samþykkt á fundi borgarstjórnar þ. 3. maí 2022, en fátt hefur spurst til hennar síðan og samþykkt aðgengisstefna t.a.m. ekki aðgengileg á vef borgarinnar. Flokkur fólksins leggur til að Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verði kynnt fyrir borgarbúum? Einnig er lagt til eftirfarandi: Að Aðgengisstefna Reykjavíkurborgar til 2030 verði kynnt innan kerfis borgarinnar, svo sem í ráðum, deildum og stofnunum hennar? Að farið verði í að innleiða Aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 að fullu. MSS22090063